

Endurskoðunarnefnd

Árið 2015, miðvikudaginn 22. apríl var haldinn 92. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn að Tjarnargötu 12, og hófst kl. 8:39. Viðstödd voru: Ólafur B. Kristinsson, Sunna Jóhannsdóttir, Ingvar Garðarsson. Fundarritari var Hallur Símonarson.

Þetta gerðist

1. Kynntar niðurstöður úttektar Innri endurskoðunar á uppgjörferli Orkuveitu Reykjavíkur. IE14100002
Ingunn Þórðardóttir, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Kristína Baldursdóttir og Guðmundur I Bergþórsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
Bókun endurskoðunarnefndar:

Fyrir liggur niðurstaða úr úttekt á uppgjörferli Orkuveitu Reykjavíkur sef. til samræmis við það sem endurskoðunarnefnd óskaði eftir á árinu 2014. Í úttektinni er komið á framfæri ábendingum til stjórnenda innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur sef. sem endurskoðunarnefnd óskar eftir að innri endurskoðunardeild Orkuveitunnar vinni í samstarfi við Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar könnun á viðbrögðum og aðgerðaáætlun stjórnenda vegna framkominna ábendinga og leggi fyrir endurskoðunarnefnd í framhaldinu.

2. Kynntar niðurstöður eftirfylgniúttektar Innri endurskoðunar á uppgjörferli A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar. IE13080001
Ingunn Þórðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
Bókun endurskoðunarnefndar:

Innri endurskoðun hefur fylgt eftir viðbrögðum við þeim 19 ábendingum og 11 umbótaverkefnum sem fengu flest stig í áhættumati uppgjörseildar. Niðurstaða Innri endurskoðunar er að átta ábendingum er að fullu lokið, tólf eru í vinnslu en þrjár hafa ekki fengið viðunandi viðbrögð. Upphafleg verkáætlun Fjármálaskrifstofu hefur því verið í verulegum atriðum önnur en ráð var fyrir gert. Nefndin óskar eftir aðkomu Innri endurskoðunar við ítrekaða eftirfylgniúttekt á uppgjörferli A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.

3. Kynning á vinnu við mat Innri endurskoðunar á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar.
Anna Margrét Jóhannsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Kynning á eftirfylgni með minnisblaði endurskoðunarnefndar um umfang innri endurskoðunar. IE15010004
5. Fjárhagsáætlun endurskoðunarnefndar og Innri endurskoðunar fyrir árin 2016-2020. IE15030002
Samþykkt að vísa til fjárhagsáætlunargerðar
6. Rætt um fundáætlun endurskoðunarnefndar fyrir tímabilið 2015-2016.
7. Málefni ytri endurskoðenda
 - a. Kynning á drögum að skýrslu ytri endurskoðenda með ársreikningi A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar
 - b. Kynning á stjórnsýsluskoðun ytri endurskoðenda í tengslum við endurskoðun ársreiknings A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar
 - c. Kynning á skoðun ytri endurskoðenda á innra eftirliti í tengslum við endurskoðun ársreiknings A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar
 - d. Rætt um verklag við aukaverk við samning um ytri endurskoðun frá 20. janúar 2013

Auðunn Guðjónsson og Guðný Helga Guðmundsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið og kynna skýrslu KPMG.

8. Rætt um ársskýrslu endurskoðunarnefndar. IE15050001

Fundi slitið kl: 12:53

Ólafur B. Kristinsson

Inga Björg Hjaltadóttir

Sunna Jóhannsdóttir

Ingvar Garðarsson